

Alþingi - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. maí 2012  
Tilvisun: UST20120400192/sá

### Frumvarp til laga um loftslagsmál - mál 751 - umsögn

Þann 30 apríl 2012 sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til loftslagslaga, mál 751, til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun fagnar því að frumvarp þetta komi fram og telur mikilvægt að það verði afgreitt frá Alþingi eins fljótt og unnt er. Frumvarpið var samið í samvinnu við Umhverfisstofnun. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að vinnu við frumvarpið lauk hafa komið í ljós tiltekin atriði sem stofnunin telur rétt að vekja athygli á.

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk stjórnvalda. Ekki er fjallað sérstaklega um hlutverk umhverfisráðuneytisins og gerir stofnunin ráð fyrir því að hlutverk ráðuneytisins verði tilgreind í reglugerð um Stjórnarráð Íslands í samræmi við lög þar um. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir Umhverfisstofnunar verði annars vegar kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og hins vegar til ráðherra. Stofnunin telur æskilegt að aðeins verði um eitt kærustjórnvald að ræða og það verði úrskurðarnefndin. Verið kærumálum skipt í tvennt skapar það óvissu að mati stofnunarinnar. Þá telur stofnunin æskilegt að ráðuneytið geti stutt starf stofnunarinnar við framkvæmd þessa umfangsmikla og flókna verkefnis óháð hugsanlegum kærumálum. Umhverfisstofnun vill ennfremur vekja athygli á því að gert er ráð fyrir því að ráðuneyti fjármála annist þau verkefni er varða uppboð losunarheimilda sbr. 28. gr. frumvarpsins og telur mikilvægt að gerðar verið ráðstafanir til að tryggja það annað hvort í lagatextanum eða reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Í lokamálsgrein 8. gr. kemur fram að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð m.a. um niðurfellingu losunarleyfis. Umhverfisstofnun telur tilefni til að tilgreind verði í lögnum sjálfum skýr heimild stofnunarinnar til að fella niður eða afturkalla losunarleyfi þegar forsendur losunarleyfis bresta eða starfsemi er hætt. Lagt er til að nýrri málsgrein þar að lútandi verði bætt við á eftir 6. mgr.


Í 13. gr. er í 3. mgr. gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti áætlað á rekstraraðila losun gróðurhúsalofttegunda, skili hann ekki inn skýrslu um losun innan tilskilins frests, skýrsla er ófullnægjandi eða skýrsla er ekki vottuð. Umhverfisstofnun leggur til að tilgreint verði að stofnuninni sé heimilt að áætla miðað við mestu mögulegu losun í viðkomandi starfsemi.


Mikilvægt er að rekstraraðili taki fulla ábyrgð á skýrslum um losun og hann sjái sér augljósan hag í því að skila fullnægjandi skýrslum á réttum tíma.

Í 39. gr. eru tilgreindar gjaldtökuheimildir. Umhverfisstofnun telur hagræði af því að innheimta hóflegt árgjald fyrir viðhald reiknings í skráningarkerfinu og leggur til að bætt verði við eftirfarandi málslíð við 13. tl. 1. mgr. „Heimilt er að innheimta árgjald sem tekur mið af meðaltalskostnaði við rekstur reiknings í skráningarkerfinu.“

Í 40. gr. er tilgreind heimild til að leggja á dagsektir. Tvær upphæðir eru tilgreindar, 100.000 kr. í 1. mgr. og 500.000 kr. í 3. mgr. Þar sem vísað er í 1. mgr. Umhverfisstofnun leggur til að þetta verði samræmt og hærri upphæðin valin.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Kristján Geirsson  
deildarstjóri